



Evrópumót í sjóstangaveiði frá Ólafsvík



Evrópumót í sjóstangaveiði var haldið frá Ólafsvík dagana 27. til 28. maí sl. með þátttöku 64 keppenda, þar af 2 konur og 62 karlar. Keppendur komu frá tíu þjóðlöndum eða Belgíu, Englandi, Gíbraltar, Írlandi, Íslandi, Portúgal, Skotlandi, Suður-Afríku, Wales og Þýskalandi.

Róið var á 17 bátum og lögð var áhersla á að veiða þorsk og ufsa og gáfu stærstu fiskarnir flest stigin. Alls veiddust 6.390 fiskar í mótinu þar af 4.141 þorskur og

2.249 ufsar. Af stórfiskum (yfir 100 cm) veiddust alls 175 fiskar. Aðrar fiskitegundir töldust ekki til stiga og var ekki haldið sérstaklega utanum fjölda þeirra. Nokkur gustur lék um veiðimenn á miðunum, en þeir létu slíkt ekki á sig fá enda allir vanir slarki á sjó.

Evrópumeistari í mótinu varð Scott Gibson frá Skotlandi. Í öðru sæti varð Sævar Guðmundsson frá Íslandi og í þriðja sæti Francois Beukes frá Suður-Afríku. Útreikningum á verðlaunasætum

er þannig háttáð að fyrst er litið til hvort keppandinn vann sinn bát sem gefur 100% skor. Þá næst er litið til aflastiga, sem reiknuð eru út eftir fjórum stigaflokkum. Ef

enn er jafnt milli tveggja eða fleiri keppenda er litið til fjölda fiska.

Mótið var skipulagt af Samtökum evrópskra sjóstangaveiðifélaga (EFSA) – Íslandsdeild. Þetta er í þriðja skiptið sem Evrópumót í sjóstangaveiði er haldið frá Ólafsvík. Fyrsta mótið var haldið árið 2014, sem var 2ja daga tegundamót, það næsta var árið 2018 þegar 4ra daga mót var haldið með 134 keppendum og núna í ár Evrópumótið í tegundaveiði.

Erlendir veiðimenn, sem komið hafa til Íslands til að taka þátt í alþjólegum sjóstangaveiðimótum, eru einróma að allar aðstæður hérlandis eru ákjósanlegar, veiðin er nær tryggð ef gefur á sjó, bátarnir ákjósanlegir og heimafólk almennt hjálpsamt og áhugasamt. Í Evrópumótinu núna slógu margir keppendur sín persónulegu met með veiði á stórum þorskum og ufsum.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður